

Mál nr. 417/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 6. nóvember 2022 hafi M ekið á stöpul á bílastæði við verslun X í Hafnarfirði. Stöpullinn var illa staðsettur, grár og engar merkingar á honum. Hvorki málaður gulur né með skilti á. Vísar M til þess að samkvæmt svörum frá V hafi stöpullinn verið færður úr stað af malbikunarverktaka og ekki verið settur aftur á sinn stað. Var þessi tiltekni stöpull sá eini sem ekki var gengið frá á réttan hátt. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns á bifreið hennar en með bréfi dags. 28. nóvember 2022 hafnaði V bótaskyldu. M er ósátt við þá afstöðu V og vísar til þess að hún hafi gætt varúðar en þarna hafi verið um að ræða hlut sem sást ekki í myrkri þar sem hann var illa merktur og í þeirri hæð sem hann sést ekki í augnlínu við bílstjóra á háum bílum. Er M því algjörlega ósammála að um sé að ræða aðgæsluleysi af hennar hálfu. Telur M þetta vera vanrækslu og mistök af hálfu X að ganga ekki betur frá eftir þessar framkvæmdir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V aflaði upplýsinga bæði frá X og svo eiganda fasteignarinnar sem verslun X er staðsett í vegna málsins. Kom fram í þeim samskiptum að steinstöplarnir hafi þann tilgang að koma í veg fyrir að keyrt sé á grindur fyrir innkaupakerrur. Þeir hafi verið færðir til vegna malbikunarframkvæmda en ekki verið færðir til baka á réttan stað. Önnur tjón hafi ekki átt sér stað við þennan stöpul frá því malbikunarframkvæmdirnar stóðu yfir. Vísar V til þess að miðað við fyrirliggjandi gögn málsins ásamt myndum af aðstæðum og staðsetningu umrædds stöpuls geti V ekki fallist á að hann hafi verið staðsettur á hættulegum stað eða verið hættulegur jafnvel þó hann hafi ekki verið staðsettur á réttum stað. Rík skylda hvíli á ökumönnum að gæta varúðar í umferðinni og sérstaklega á bílastæðum þar sem m.a. er mikið um gangandi vegfarendur. Telur V því að orsök tjónsins megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar. Einnig bendir V á að hér var um verk sjálfstæðs verktaka að ræða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Af gögnum málsins og þá sérstaklega ljósmyndum af vettvangi verður ekki séð að staðsetning á stöplinum hafi verið óforsvaranleg eða með þeim hætti að augljós hætta á tjóni hafi verið til staðar. Hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á henni hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir